



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um dómara- og tækniráð

Dómara- og tækniráð er nefnd á vegum ÍSS sem skipuð er af stjórn ÍSS í framhaldi af skautapingi til tveggja ára. Nefndin vinnur að tæknilegum málefnum er varða m.a. menntun dómara, keppnisreglur, framkvæmd móta, viðmið í landsliðshópa og grunnpróf.

Dómara- og tækniráð skal skipað fimm einstaklingum er koma úr röðum dómara og tæknisérfræðinga og hafa 3. stigs réttindi eða hærrí. Leitast skal við að formaður hafi alþjóðleg réttindi frá ISU sé þess kostur. Formaður skal kosinn af nefndarmönnum.

Virkir iðkendir, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga, aðrir en þjálfarar, skulu ekki eiga sæti í nefndinni. Þjálfarar sem einnig starfa sem dómara eða tæknisérfræðingar, og sitja í nefndinni, skulu fylgja *Reglugerð um vanhæfi* og *Reglugerð um dómara*.

Allir nefndarmenn skulu fylgja *ISU Code of Ethics* og *Síðareglum ÍSÍ*. Nefndin starfar eftir *Starfslýsingu fyrir dómara- og tækniráð*.

Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma skal nýr fulltrúi tilnefndur í hans stað af stjórn ÍSS.

Stjórn ÍSS skipar tengilið sinn við dómara- og tækniráð og fara samskipti milli nefndarinnar og stjórnar í gegnum hann.

Tillögur dómara- og tækniráðs skulu vera skriflegar og rökstuddar. Fundargerðir skulu sendast nefndarmönnum og stjórn ÍSS innan sjö daga frá fundi. Allar tillögur dómara- og tækniráðs fara fyrir stjórn ÍSS. Öll skjöl sem byggð eru á tillögum dómara- og tækniráðs skulu send nefndinni áður en þau eru birt opinberlega.